

Fræðsluráð 19. júní 2019

Fjölgreinadeild – breytingar á stjórnskipulagi

Fjölgreinadeild er starfrækt í Hafnarfirði í Menntsetrinu við Lækinn og hefur frá upphafi verið deild í Lækjarskóla. Sérúrræðið starfar í samræmi við heimild í 42. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 og IV. Kafla reglugerðar um nemendur með sérþarfir í gunnskóla nr. 585/2010.

- Leiðarljós skólastarfsins eru *velliðan, virkni og vinátta*.
- Markmið þess er að koma til móts við þá nemendur sem eiga við fjölþættan vanda.

Fjölgreinadeidinn er skyndi- skammkammtíma og langtíma skólaúrræði fyrir nemendur í 5. – 10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar sem þurfa tímabundið eða til lengri tíma breytingu á skólagöngu að halda vegna fjölþætts vanda.

Með nemendum með fjölþættan vanda er t.d átt við:

- Tengslaröskun; nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tengjast öðrum og eiga við mikla félagslega erfiðleika.
- Áhættuhegðun; fíkniefni, vopn,tölvufíkn ofl.
- Hegðunarerfiðleika; Nemendur sem ná ekki að stjórna sinni hegðun, eru með ógnandi hegðun við samnemendur og starfsfólk. Hafa orðið þess valdandi að skaða aðra.

Sérúrræðið hefur frá stofnun þess verið starfrækt sem deild við Lækjarskóla í nánun samstarfi við Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar en allir nemendur eru skráðir í sína heimaskóla. Meginmarkmið er að undirbúa nemandann fyrir líf og starf með því að efla öryggi þeirra, sjálfsvirðingu, félagsfærni og líðan. Síðastliðið skólaár hefur úrræðið verið þrískipt með hliðsjón af því að ná til sem flestra barna sem þurfa á frekari stuðningi að halda.

Skiptingin er eftirfarandi:

1. **Skyndiúrræði:** Nemendur geta komið án inntökufunda en í samráði við deildastjóra rágjafar- og greiningar og sérkennslufulltrúa fræðslu- og frístundarþjónustu og barnavernd.
2. **Skammtímaúrræði:** Inntökuteymi skrifstofunnar fer yfir umsóknir. Námið er kennt í lotum sem geta verið í 6 -10 vikur, lögð er áhersla á að kenna nemendum að ná tökum á hegðun sinni, efla félagsfærni og sjálfstraust með áherslu á hefbundið og óhefðbundið skólastarf. Úrræðið er hugsað fyrir nemendur með hegðunarerfiðleika, ógnandi hegðun eða aðra hegðun sem þarf að brjóta upp. Unnið í samstarfi við heimaskóla, foreldra og barnavernd ef við á.
3. **Langtímaúrræði:** Inntökuteymi fer yfir umsóknir. Í náminu er lögð áhersla á að kenna nemendum að setja sér markmið, efla félagsfærni og sjálfstraust. Einnig geta nemendur sótt nám í þeim greinum sem þeir ráða við í heimaskóla. Úrræðið er fyrir nemedur í áhættu, sem þurfa þjálfun í félagsfærni, eru með fjölbættan vanda t.d í neyslu, beita vopnum eða alvarlegu líkamlegu ofbeldi.

Ávallt er unnið að því að nemendur fari aftur í sinn heimaskóla.

Starfsreglur sérúrræða Hafnarfjarðarbæjareru hafðar til hliðsjónaar við inngöngu, innritun og útskrift nemenda.

Sérdeildir er opið nemendum með lögheimili í Hafnarfirði með tiltekna raskanir, náms- og/eða félagslega erfiðleika. Greiningar frá GRR og/eða BUGL liggja fyrir eða séu væntanlegar. Nemendur með lögheimili utan sveitarfélagsins geta einnig fengið kennslu í sérúrræðum í Hafnarfirði enda samþykki viðkomandi sveitarstjórn að greiða þann kostnað sem af því hlýst.

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þessu felst krafan um að nám sé á forsendum hvers og eins nemanda og fari fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem hann finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

Í Fjölgreinadeildinni er áhersla á einstaklingsmiðað nám, í samstafi við nemandann og foreldra, þar sem námið byggist á námsgreiningu og að nemandinn vinni verkefni við hæfi sem er aðlagð að honum. Verklegt og skapandi starf, hreyfing og útvist, lífsleikni og tólmstundir er haft að leiðarljósi í öllu skólastarfi.

Breytingar á stjórnskipulagi deildarinnar skóaárið 2019-2020 verða þær að rekstur og stjórnun Fjölgreinadeildalinnar mun þrátt fyrir óbreytt hlutverk og starfsemi heyra beint undir Skrifstofu fræðslu- og frístundarþjónustu. Mikilvægt er að deildin þróist í takt við úrræði **BRÚarinnar** fyrir alla nemendur Hafnarfjarðar sem á slíku úrræði þurfa að halda. Undanfarin ár hefur verið fækkun á umsóknum í deildina. En fjöldi nemenda sem þarf á sérsniðnum úrræðum hefur ekki fækkað.

Haustið 2018 var farið af stað með að taka inn yngri nemendur og boðið uppá skammtímaúrræði sem og skyndiúrræði í samvinnu við barnavernd. Einnig var aukið í fjármagn til deildarinnar um tvö stöðugildi faglærðra starfsmanns, úr 3 stöðum í 5 stöður sem tekið var af sérkennslukvóta til sétækra sérúrræða.

Stjórnskipulag og rekstur deildarinnar hefur verið óhagkvæmur hvað varðar leiðir, kennslu, umsýslu o.fl.. Virkja og kynna þarf úrræðið enn frekar fyrir gunnskólum bæjarins og þróa leiðir til að tengja við samfélagið og styðja við foreldra. Nauðsynlegt er að deildin þróist enn frekar með fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Í skóla fyrir alla þarf stuðning, fjölbreyttar leiðir og samvinnu um úrræði. Fræðslustjóri leggur til að samhliða tilfærslu deildarinnar til skrifstofunnar verði sett af stað þverfaglegt teymi sérfræðinga Fræðslu- og frístundasviðs og Fjölskyldusviðs með áherslu á:

- Samvinnu við Brúnna
- Fjölbreytta leiðir, úrræði og kennsluhætti
- Atvinnutengd tækifæri og yfirfærslu náms og atvinnutækifæri eftir nám
- Félagslega þætti og uppbyggingu nemandans
- Minnka félagslega einangrun
- Lágmarka brottfall
- Ofl.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar.